

Nýsköpun & neytendur  
Consumers & Products

Vinnsla & virðisaukning  
Value Chain & Processing

Erfðir & eldi  
Genetics & Aquaculture

Líftækni & lífefni  
Biotechnology & Biomolecules

Mælingar & miðlun  
Analysis & Consulting

Öryggi & umhverfi  
Food Safety & Environment



# Veiðar, flokkun, vinnsla og markaðir fyrir makríl veiddan af uppsjávarskipum -Markaðir

**Ragnheiður Sveinþórsdóttir**

**Vinnsla og virðisaukning**

**Skýrsla Matis 04-09**  
Janúar 2009

ISSN 1670-7192

Titill / Title	<b>Veiðar, flokkun, vinnsla og markaðir fyrir makríl veiddan af uppsjávarskipum. Markaðir.</b> Fishing, grading, pre-processing, processing and marketing of mackerel products catches by pelagic vessels. Markets		
Höfundar / Authors	Ragnheiður Sveinþórsdóttir		
Skýrsla / Report no.	04-09	Útgáfudagur / Date:	Janúar 2009
Verknr. / project no.	1502-1856	Lokuð til janúar 2011	
Styrktaraðilar / funding:	AVS		
Ágrip á íslensku:	<p>Markmiðið með þessu verkefni er að kanna veiðar uppsjávarfiskiskipa á makríl á Íslandsmiðum, gera formmælingar, koma með lausnir hvernig flokka megi makrílinn frá öðrum fiski um borð og hvernig vinnslu skuli háttáð í frystiskipum. Greindur verður tækjakostur sem nauðsynlegur er við vinnsluna, einnig verða markaðir kannaðir fyrir makríl veiddan á Íslandsmiðum eftir árstímum.</p> <p>Í þessum hluta eru mörkuðum fyrir makrílafurðir gerð skil. Farið er yfir helstu útflytjendur og helstu kaupendur. Einnig er farið dýpra í útflutning hvað varðar afurðir og verð hjá tveimur stærstu útflutningsþjóðunum.</p>		
Lykilorð á íslensku:	Makrill, markaðir, útflutningur		
Summary in English:	<p>The objective of this project is to examine mackerel fishing on Icelandic fishing grounds, perform geometrician measurements, find the best solution for grading the mackerel by size and species on board and how to process it in freezer vessels. Analyse what kind of technology is necessary.</p> <p>Moreover to examine the markets for mackerel caught on Icelandic fishing grounds during the summer.</p> <p>In this part requirements analysis was carried out about what is needed to process mackerel on board vessels caught during summertime on Icelandic fishing grounds.</p> <p>In this section the focus is on markets for mackerel products. The focus is on exporters and buyers and also more about export and prices at the two biggest export nations for mackerel products.</p>		
English keywords:	Mackerel, markets, export		

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	1
Markaðir .....	1
Útflutningur frá Noregi og Bretlandi .....	4
Noregur .....	6
Bretland .....	8
Umræður .....	10
Heimildir .....	11


Mynd 1 - Útflutningsverðmæti á frosnum makríl eftir hlutdeild einstakra ríkja árið 2007.....	1
Mynd 2 - Útflutningur Evrópuríkja á frosnum makríl miðað við verðmæti árið 2007.....	2
Mynd 3 - Markaðir fyrir frosinn makríl miðað við verðmæti árið 2007.....	3
Mynd 4 - Útflutt magn af heilum, frosnum makríl frá Noregi og Bretlandi. ....	4
Mynd 5 - Útflutt magn á makrílflokum frá Noregi og Bretlandi.....	5
Mynd 6 - Útflutt magn á heilum, frosnum makríl frá Noregi.....	6
Mynd 7 - Verð á heilum, frosnum makríl fluttum út frá Noregi. ....	7
Mynd 8 - Útflutt magn á heilum, frosnum makríl frá Bretlandi.....	8
Mynd 9 - Verð á heilum, frosnum makríl fluttum út frá Bretlandi. ....	9

## Inngangur

Stærstu útflutningsríkin af frosnum makríl, ásamt hrognum og lifur, eru Noregur og Bretland, þau hafa samanlagt yfir 50% af útflutningsverðmæti í heiminum. Önnur lönd sem flytja út makríl og skapa verðmæti í tugþúsundum bandaríkjadala eru Holland, Írland, Míritanía, Kanada, Þýskaland, Bandaríkin og Kína. Kaupendur að þessum afurðum eru að stærstum hluta Japanir, Rússar og Kínverjar.


## Markaðir

Noregur og Bretland voru með mest útflutningsverðmæti á frosnum makríl í heiminum árið 2007 (Mynd 1). Noregur var með 38% hlutdeild í útflutningsverðmætum á frosnum makríl en Bretland með 16% hlutdeild.




Mynd 1 - Útflutningsverðmæti á frosnum makríl eftir hlutdeild einstakra ríkja árið 2007.

Þegar einungis Evrópa er skoðuð hefur Noregur tæplega 50% af heildar útflutningsverðmæti Evrópuríkja á frosnum makríl en á eftir þeim kemur Bretland með 21% hlutdeild (Mynd 2).



Mynd 2 - Útflutningur Evrópuríkja á frosnum makríl miðað við verðmæti árið 2007.

Stærsti markaðurinn fyrir frosinn makríl er Japan en yfir 25% af heildarverðmæti markaðarins eru þar. Einnig kaupa Rússar og Kínverjar töluvert af frosnum makríl. Á síðustu árum hefur makrílmarkaðurinn í Japan þó dregist saman, samkvæmt Japönsku fiskkaupenda samtökunum (Japan Fish Traders Association) minnkaði innflutningur á makríl frá Noregi um þriðjung á fyrstu fjórum mánuðum árána 2006 til 2007. Frá janúar til apríl 2006 var innflutningurinn 32.000 tonn en ári seinna var hann einungis 11.900 tonn. (<http://eurofish.dk/>). Japanir eru með arðbærasta markaðinn eða tæp 27% af heildarverðmæti, á eftir þeim koma Rússar með rúmlega 10% af heildarverðmæti (Mynd 3).




Mynd 3 - Markaðir fyrir frosinn makríl miðað við verðmæti árið 2007.

## Útflutningur frá Noregi og Bretlandi

Eftirfarandi samanburður á útflutningi Noregs og Bretlands er miðaður við:


- Fyrir Noreg; jan-nóv 2004, jan-des 2005, jan-des 2006 og jan-ágúst 2007.
- Fyrir Bretland; jan-sept 2004, jan-nóv 2005, jan-nóv 2006 og jan-jún 2007.

Bretar og Norðmenn eru stærstu útflytjendur á makríl í heiminum. Á árunum 2004 til 2006 minnkaði útflutningur á frosnum makríl frá Noregi um 20% á milli ára en frá Bretlandi jókst útflutningurinn um 13% á milli 2004 og 2005 en minnkaði svo um rúm 30% árið 2006 (Mynd 4).



Mynd 4 - Útflutt magn af heilum, frosnum makríl frá Noregi og Bretlandi.

Ef skoðaður er útflutningur á makríflökum frá Noregi og Bretlandi sést að útflutningur á þeirri afurð hefur sveiflast töluvert í báðum löndunum þó svo að þörf markaðarins hafi verið svipuð árin 2005, 2006 og 2007. Mesta breytingin er þó tvímælalaust það sem af var á árinu 2007 þegar útflutningur á breskum makríflökum jókst um 164% en útflutningur Noregs á flökum dróst saman um tæp 50% (Mynd 5).




Mynd 5 - Útflutt magn á makríflökum frá Noregi og Bretlandi.




## Noregur

Stærsti markaður norskra útflytjenda fyrir heilan, frosinn makríl hefur síðustu ár verið Japansmarkaður en eins og áður sagði hefur útflutningur til Japans dregist verulega saman. Önnur lönd sem norskir útflytjendur flytja hvað mest til eru Kína, Úkraína, Rússland og Tyrkland (Mynd 6).



Mynd 6 - Útflutt magn á heilum, frosnum makríl frá Noregi.


Þegar verðin eru skoðuð sést að Japanir hafa borgað mest fyrir afurðina, bæði hvað varðar verð á kíló og verð miðað við hlutfall innflutnings hvers lands. Á eftir þeim koma lönd sem tilheyra Austur-Evrópu (Mynd 7).



Mynd 7 - Verð á heilum, frosnum makríl fluttum út frá Noregi.


## Bretland

Stærstu markaðir breskra útflytjenda fyrir heilan, frosinn makríl hafa verið misjafnir síðustu ár en þó er athyglisvert að Japansmarkaður hefur ekki keypt mikið af breskum útflytjendum. Rússland hefur verið þeirra stærsti einstaki markaður en að öðru leyti hefur afurðin dreifst mjög á markaði fyrir heilan makríl í heiminum (Mynd 8).



Mynd 8 - Útflutt magn á heilum, frosnum makríl frá Bretlandi

Á árinu 2007 hefur verð fyrir makrílinn lækkað töluvert í Bretlandi og það sem af var ári höfðu franskir kaupendur verið að greiða hæst verð fyrir afurðina. Einnig greiða rússneskir kaupendur hvað hæst verð hjá Bretum (Mynd 9).



Mynd 9 - Verð á heilum, frosnum makríl fluttum út frá Bretlandi.

## Umræður

Þegar markaðir fyrir makrílafurðir eru skoðaðir þykir ljóst að markaðir í Japan og Austur-Evrópu séu fengsælustu markaðirnir bæði hvað varðar magn og verð en hins vegar verður að athuga að sá makrill sem veiðist hér við land hentar ekki á Japansmarkað vegna fituinnihalds og vegna þess hve laus hann er í sér. Á meðan makrill veiðist einungis á sumrin í íslenski lögsögu verður að stefna á aðra markaði. Markaðir í Austur-Evrópu sýna sumarveiddum makríl áhuga og eru tilbúnir að borga yfir 2500 usd/tonn á CIF skilmálum. Einnig hefur verið vöntun á niðursoðnum makríl í norðanverðri Evrópu, t.d. í Þýskalandi, en einnig hefur heyrst af áhuga sænskra kaupenda á íslenskum makríl.

## **Heimildir**

<http://eurofish.dk/>

<http://www.eurofish.dk/indexSub.php?id=3220>

Philip M. Parker, Eli Lilly. 2007. The World Market for Frozen Mackerel Excluding Livers and Roes: A 2007 Global Trade Perspective.